

**Ed.**

**745. Nefndarálit**

**[98. mál]**

um frv. til laga um að breyta ríkislánnum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna og lánadeildar smáibúðarhúsa í óafturkræf framlög.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir einhuga með frumvarpinu með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Aftan við 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Þær kr. 4 000 000.00, sem lánaðar hafa verið af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. III. kafla laga nr. 44/1946, skal ríkisstjórnin, jafnóðum og þær endurgreiðast, lána að nýju til sams konar framkvæmda. Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessu fé.

2. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um að breyta í óafturkræf framlög ríkislánnum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna, lánadeildar smáibúðarhúsa og láni til útrýmingar heilsuspillandi íbúða.

Alþingi, 3. febr. 1953.

Bernharð Stefánsson,	Gísli Jónsson,	Karl Kristjánsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Brynj. Bjarnason.	